

Ráðbarður sf
Bjarni Þór Einarsson,
byggingarfulltrúi
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Umhverfisstofnun
b. _____
- 7. sep. 2011 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. september 2011
Tilvísun: UST20110900002/ksj

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, Vestfjarðavegur.
Tillaga að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðarveg innan Vesturbyggðar. Umsögn**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðarveg innan Vesturbyggðar.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018.

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2012 felst í því að gerð er tillaga að breyttum sveitarfélagsupprætti sem sýnir stofn- og tengivegi í sveitarfélaginu. Einnig er breyting á kafla 2.5.1 í aðalskipulagsgreinargerð.

Markmið

Markmið tillögu að breyttu aðalskipulagi deiliskipulagi í Kjálkafirði er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa.

Framkvæmdasvæði

Framkvæmdasvæði innan Vesturbyggðar er frá Þverá í Kjálkafirði og er um að ræða 2,4 km langan vegkafla rétt norðan við Þverá að sveitarfélagamörkum við Reykhólahrepp, í miðjum Kjálkafirði.

Náttúruminjar

Áætlað framkvæmdasvæði í Kjálkafirði er, eins og fram kemur í aðalskipulagstillögunni á svæði á náttúruminjasrá, og svæðið er einnig innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Fjörur

Í umfjöllun um fjörur og leirur kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á fjörur og leirur verði óveruleg þar sem hönnun brúar verði hagað þannig að full vatnaskipti verði tryggð í Kjálkafirði. Að mati Umhverfisstofnunar verða neikvæð áhrif á fjörur og leirur þar sem þverun verður á fyllingu. Umhverfisstofnun telur hins vegar að þverun sé betri kostur hvað varðar fjörur og leirur en uppbygging vegar umhverfis Kjálkafjörð.

Gróður

Í Kjálkafirði er fjalldrapakjarr utan til í firðinum en innar er birkikjarr. Þekja birkikjarrsins er meiri að vestanverðu í Kjálkafirði en austanmegin. Umhverfisstofnun tekur undir að þverun í Kjálkafirði er betri kostur varðandi birkiskóga og telur stofnunin að þverun hafi minni áhrif á birkiskóga á svæðinu en uppbygging núverandi vegar í botni fjarðarins.

Varðandi endurheimt á birkiskógi á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að skógur verði endurheimtur með gróðri af svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlun um endurheimt birkiskóga verði í samráði við hlutaðeigandi aðila og stofnunin bendir einnig á að mikilvægt er að nýttur verði svæðisgróður í endurheimtina og að fyrri landgæði náist fram.

Fuglar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er mikilvægt fyrir fugla. Það hefur alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsarsamningi, og á því eiga umferðafuglar viðdvöl bæði vor og haust. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gætt sé að því að tekið verði tillit til varptíma fugla við framkvæmdir.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við tillögu að breyttu aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018, Vestfjarðavegur.

Tillaga að deiliskipulagi, þverun Kjálkafjarðar

Deiliskipulagstillagan er unnin samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg innan sveitarfélagamarka Vesturbyggðar.

Skipulagsbreytingin markar stefnu um framkvæmd sem er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruminjar

Áætlað framkvæmdasvæði í Kjálkafirði er eins og fram kemur í deiliskipulagstillögunni á svæði á náttúruminjasrá, og er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Framkvæmdin

Fylgt er eldri veglínu að þverun fjarðarins. Fylling að áætlaðri brú vestan megin frá er innan Vesturbyggðar.

Umhverfismat

Umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir

Í umfjöllun um fjörur og leirur kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á fjörur og leirur verði óveruleg þar sem hönnun brúar verði hagað þannig að full vatnaskipti verði tryggð í Kjálkafirði. Að mati Umhverfisstofnunar verða neikvæð áhrif á fjörur og leirur þar sem þverun verður á fyllingu. Umhverfisstofnun telur hins vegar að þverun sé betri kostur en uppbygging vegar umhverfis Kjálkafjörð.

Gróður

Í Kjálkafirði er fjalldrapakjarr utan til í firðinum en innar er birkikjarr. Þekja birkikjarrsins er meiri að vestanverðu í Kjálkafirði en austanmegin. Umhverfisstofnun tekur undir að þverun í Kjálkafirði er betri kostur varðandi birkiskóga og telur stofnunin að þverun hafi minni áhrif á birkiskóga á svæðinu en uppbygging núverandi vegar í botni fjarðarins.

Varðandi endurheimt á birkiskógi á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að skógur verði endurheimtur með gróðri af svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlun um endurheimt birkiskóga verði í samráði við hlutaðeigandi aðila og stofnunin bendir einnig á að mikilvægt er að nýttur verði svæðisgróður í endurheimtina og að fyrri landgæði náist fram.

Fuglar

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er mikilvægt fyrir fugla. Það hefur alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsarsamningi, og á því eiga umferðafuglar viðdvöl bæði vor og haust. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gætt sé að því að tekið verði tillit til varptíma fugla við framkvæmdir.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að sjónræn áhrif vegna vegagerðar og þverunar verði neikvæð. Umhverfisstofnun tekur undir að með góðum frágangi að vegagerð lokinni sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að viðhöfð séu vönduð vinnubrögð við framkvæmdina og að reynt verði að forðast allt óþarfa rask á meðan á framkvæmd stendur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi vegaf framkvæmdar við Vestfjarðarveg í sveitarfélaginu Vesturbyggð.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir